

Ed.

236. Frumvarp til laga

[91. mál]

um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem seldar hafa verið fyrir 31. des. 1952, teljast ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign.

2. gr.

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign svo og tekjur af þeim og úthlutun teknanna hafa þeir aðilar, er gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um. Nú er gjafabréf glatað, og ber þá hreppsnefnd þess hrepps, er gjafarinnar nýtur, að hafa þetta á hendi. Njóti tveir hreppar eða fleiri gjafarinnar, skulu hreppsnefndir þeirra koma sér saman um mann til að annast þessi störf. Náist ekki samkomulag um umsjónarmann, tilnefnið félagsmálaráðuneytið hann. Á sama hátt kveður sýslunefnd til einn eða fleiri menn til að hafa umsjón og umráð með þeim jörðum, er gefnar hafa verið sýslunni eða hreppum sýslunnar sameiginlega.

Jarðir þessar skulu byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða á erfðaleigu, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Heimilt er umráðamönnum þessara jarða að veðsetja þær eða leyfa ábúendum veðsetningu þeirra fyrir lánum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra nauðsynlegra mannvirkja á jörðinni, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

3. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign er óheimilt að selja, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú er svo komið, að einhver þessara jarða gefur svo litlar tekjur, að augljóst er, að höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni er að litlu eða engu orðinn, og ber þá forráðamanni eða forráðamönnum að senda félagsmálaráðuneytinu tillögu um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt rökstuddri greinargerð. Félagsmálaráðuneytið leitar umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um tillöguna. Verði báðir þessir aðilar sammála um að mæla með söluverðinu, skal ráðuneytið leggja frumvarp þar að lútandi fyrir næsta reglulegt Alþingi. Til þess að salan sé gild, þarf félagsmálaráðherra að samþykkja söluverðið.

Nú er jörð seld, og skal þá ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða ríkis tryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins.

Sama gildir, svo sem við verður komið, um andvirði þeirra jarða, sem taldar hafa verið kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign og seldar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi.

Árlegir vextir af kaupverðinu renna til þess, er njóta skal samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða samkvæmt öðrum fyrirmælum, gamalli hefð eða venju.

4. gr.

Sveitarstjórn, sem hefur á hendi úthlutun eftirgjalds eða vaxta samkvæmt 2. og 3. gr., er heimilt að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta þeirra, og skal sá styrkur ekki vera endurkræfur.

5. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem lög þessi taka til, eru:

Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Syðri-Hraundalur $\frac{1}{2}$, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
Hestfjörður, Súðavíkurbhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
Sæunnarstaðir ($\frac{1}{2}$), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu.
Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnassýslu.
Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnassýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.